



Stefna og starfsáætlun
skóla- og frístundasviðs
Reykjavíkurborgar 2013

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
LEIÐARLIÓS	6
HLUTVERK	6
SKIPURIT	7
STARFSEMIN Í TÖLUM	7
VERKEFNI SKRIFSTOFU SFS	9
VERKEFNI	11
STEFNUKORT	13
STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR	14
SKORKORT	26
FJÁRHAGSÁÆTLUN OG MAGNTÖLUR	29
FYLGISKJÖL	33



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2013

Útgefandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri SFS

Ritstjórn: Guðrún Hjartardóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Kolbrún Vigfúsdóttir, Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, Nanna K. Christiansen, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Sverrir Friðþjófsson.

Prófarkarlestur: Sverrir Friðþjófsson og Sigrún Björnsdóttir

Uppsetning: Guðrún Hjartardóttir og Sigrún Björnsdóttir.

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir o.fl., úr ljósmyndasafni SFS.

INNGANGUR

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar fyrir árið 2013 liggur hér fyrir. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar er stærsta svið borgarinnar. Undir það heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, myndvers og skólahljómsveita. Sviðið hefur umsjón með úthlutun fjármagns og eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla og listaskóla sem styrktir eru af Reykjavíkurborg. Þá annast sviðið umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskólabarna og frístundaráðgjöf. Jafnframt hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Þjónusta sviðsins nær til rúmlega 20.000 barna og fjölskyldna þeirra. Á sviðinu starfar hátt á fimmta þúsund starfsmanna.

Markmið með stofnun skóla- og frístundasviðs haustið 2011 voru:

- Að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.
- Að stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar og auka þverfaglegt samstarf.
- Að efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri starfseininga.

Á skóla- og frístundasviði er lögð áhersla á fjölbreytt tækifæri til menntunar og frístundastarfs fyrir börn og ungmenni. Stefnan er að samþætta starf fyrir börn og unglinga í borginni og stuðla að öflugu samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva. Samstarf starfsfólks byggir á gagnkvæmu trausti, virðingu fyrir ólíkum gildum og hugmyndafræði og fjölbreyttum aðferðum í uppeldi og menntun.

Þessi starfsáætlun er byggð að stórum hluta á viðamikilli vinnu sem fram fór á árinu 2011 við vinnslu stefnu- og starfsáætlunar fyrir árið 2012. Að henni kom breiður hópur fólks, kjörnir fulltrúar í skóla- og frístundaráði, stjórnendur og starfsfólk á skóla- og frístundasviði, foreldrar, börn/nemendur/ungmenni og ráðgjafar á sviði leikskóla, grunnskóla og frístundamála hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í þessari viðamiklu stefnumótunarvinnu voru haldnir fjölmargir samráðsfundir.

Í stefnukorti skóla- og frístundasviðs er nokkrir stefnuþættir settir fyrir hvert stefnumið. Undir stefnuþáttunum eru markmið og tilgreindar þær leiðir sem farnar verða til að ná markmiðunum. Á þriðja hundrað leiða voru settar fram í starfsáætlun fyrir árið 2012. Vinna að langflestum þessara markmiða hófst á árinu og var nokkrum tugum verkefna lokið. Vinna var ekki hafin við nokkur verkefnanna á árinu 2012 og færast þau því áfram inn í þessa starfsáætlun fyrir árið 2013 ásamt öðrum sem eru hafin og var ekki lokið á árinu 2012. Að auki eru nýjar leiðir inni sem byggja meðal annars á stefnumótandi ákvörðunum sem teknar voru af skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar á árinu 2012. Á skrifstofu sviðsins er haldið yfirlit yfir stöðu markmiða og er það uppfært reglulega. Þar er gerð grein fyrir stöðu hvers verkefnis, ábyrgðaraðila og áætlun um framkvæmd. Yfirlitið er lagt fyrir skóla- og frístundaráð tvisvar sinnum á ári.

Í lykiltölum eru tölulegar upplýsingar um helstu þætti í starfsemi skóla- og frístundasviðs. Í skorkorti eru settir fram árangursþættir úr stefnu sviðsins og mælikvarðar á þá. Í fylgiskjöllum eru ítarlegar tölfræðiupplýsingar um skóla- og frístundastarf í borginni.

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs munu gera sínar starfsáætlanir og byggja á grunni þessa skjals, út frá stefnukortinu og þeim markmiðum sem hér eru sett fram, aðlaga þær að sinni starfsemi og setja fram leiðir til að ná sínum markmiðum.


LEIÐARLJÓS

**AÐ BÖRNUM OG UNGMENNUM Í BORGinni LÍÐI VEL,
ÞEIM FARI STÖÐUGT FRAM OG ÞAU ÖÐLIST
UPPELDI OG MENNTUN FYRIR LÍF OG STARF.**

HLUTVERK

- **VEITA BÖRNUM OG UNGMENNUM BESTU MÖGULEGU TÆKIFÆRI TIL LEIKS, MENNTUNAR OG FRÍSTUNÐASTARFS Í SAMVINNU VIÐ FJÖLSKYLDUR OG NÆRSAMFÉLAGIÐ.**
- **VERA FRAMSÆKIÐ FORYSTUAFL Í SKÓLA- OG FRÍSTUNÐASTARFI.**

SKIPURIT



STARFSEMIN Í TÖLUM

Tölfræði- og rannsóknþjónusta SFS heldur utan um tölulegar upplýsingar um starfsemi sviðsins og miðar fjöldataölur við 1. október ár hvert. Einnig gerir hún spár um fjölda barna/starfsmanna í tengslum við ýmsa þætti starfseminnar fyrir komandi ár. Á árinu 2013 er áætlað að alls verði 7.130 leikskólabörn í Reykjavík, þar af 5.891 í 64 borgarreknum leikskólum. Tveir þeirra eru samreknir með grunnskólum. Þann 1. október 2012 dvöldu 5.920 börn í leikskólum borgarinnar, 1.037 börn í 18 sjálfstætt starfandi leikskólum og 18 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur. Heildarfjöldi leikskólabarna í borginni var 6.957. Alls dvöldu 747 reykvísk börn hjá dagforeldrum þann 1. október 2012.

Gert er ráð fyrir að nemendum í grunnskólum borgarinnar muni fjölga lítillega fram að hausti 2013 en 1. október 2012 voru þeir 13.332 og 642 nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskólum (með fimm ára nemendum). Samtals voru grunnskólanemendur því 13.974 og hafði þeim fjölgað örlítið frá fyrra ári. Skólaárið 2012-2013 voru 36 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg (þar af tveir sérskólar, tveir samreknir leikskólar/grunnskólar/frístundaheimili og þrír samreknir grunnskólar/frístundaheimili). Sjálfstætt starfandi grunnskólar voru 6.

Þann 1. október 2012 voru sex frístundmiðstöðvar reknar af Reykjavíkurborg. Þær höfðu umsjón með 34 frístundaheimilum, 4 frístundaklúbbum og 21 félagsmiðstöð. Til viðbótar voru 5 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð rekin af grunnskólum. Alls var 3.591 barn skráð á frístundaheimili og hátt í 200 þúsund heimsóknir 10-16 ára barna í félagsmiðstöðvarnar.

Í fjórum skólahljómsveitum sem Reykjavíkurborg rekur læra 441 nemandi á hljóðfæri skólaárið 2012-2013. Auk þess var greitt með um 2.500 nemendum í 18 tónlistarskólum á árinu 2012. Í Námsflokkum Reykjavíkur stunduðu 271 nám á árinu 2012, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu til Námsflokka eftir náms- og starfsráðgjöf í samtals 1.860 samtölum.

Haustið 2012 voru alls um 3.900 stöðugildi á skóla- og frístundasviði, þar af um 1.743 leik- og grunnskólakennarar og um 110 frístundaráðgjafar og verkefnastjórar í frístundastarfi. Stöðugildum leikskólakennara fjölgaði frá árinu 2011 en stöðugildum grunnskólakennara fækkaði sem er í samræmi við töluverða fjölgun yngstu barnanna í borginni.

Nánari upplýsingar um börn, nemendur og starfsfólk SFS er að finna í fylgiskjöllum starfsáætlunarinnar.

Í kaflanum *Umfang og fjárhagsáætlun* eru lykiltölur og helstu magntölur í rekstri sviðsins ásamt öðrum upplýsingum úr greinargerð með fjárhagsáætlun sviðsins fyrir árið 2013.



VERKEFNI SKRIFSTOFU SFS

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs veitir miðlæga þjónustu, ráðgjöf og stuðning við starfsstaði sviðsins ásamt því að vinna að stefnumótun og eftirliti. Hér á eftir er farið í stuttu máli yfir helstu verkefni skrifstofunnar.

Sviðsstjóri er yfirmaður skóla- og frístundasviðs og stýrir daglegri starfsemi sviðsins í umboði borgarráðs og borgarstjóra og á grundvelli samþykkar um sviðið. Sviðsstjóri leiðir stefnumótun, þróun, rekstur og eftirlit sviðsins. Hann vinnur með skóla- og frístundaráði, ber ábyrgð á fundum ráðsins og framkvæmd ákvarðana þess. Hann ber ábyrgð á að rekstur og stjórnsýsla skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við lög og markaða stefnu Reykjavíkurborgar.

Skrifstofa sviðsstjóra vinnur með skóla- og frístundaráði og hefur umsjón með fundum ráðsins. Skrifstofan heldur utan um gerð starfsáætlunar og eftirfylgni hennar, auk þess að hafa umsjón með stjórnsýslu sviðsins, skjalamálum og þróun og innleiðingu skjalavistunar hjá starfseiningum. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri skrifstofu sviðsins, dagskrárstjórn fyrir sviðsstjóra, skipulagi funda og eftirfylgni mála. Þá hefur hún umsjón með upplýsinga-, útgáfu- og kynningarmálum sviðsins og er tengiliður við upplýsingateymi Reykjavíkurborgar. Skrifstofan sér einnig um viðburðastjórnun og þjónustumál og hefur samskipti við starfsstaði og samstarfsaðila innan lands sem utan.

Fagskrifstofa starfar að uppbyggingu og stefnumótun leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs auk þess að afla upplýsinga til að miðla til skóla- og frístundaráðs. Teymi skrifstofustjóra sér í sameiningu um deildarstjórnun fagskrifstofu. Skrifstofustjórar hvers faghluta eru yfirmenn skólustjóra leikskóla og grunnskóla og forstöðumanna frístundamiðstöðva. Aðrir stjórnendur á skrifstofunni eru deildarstjóri listfræðslu og forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur. Þá heyra starfsemi skólasafnamiðstöðvar og myndvers undir fagskrifstofu. Meginhlutverk skrifstofunnar er að fylgja eftir stefnumörkun, fara með eftirlit og veita ráðgjöf og stuðning til starfsstaða.

Meðal verkefna á fagskrifstofu er undirbúningur að stefnumörkun skóla- og frístundaráðs og upplýsingamiðlun til skóla- og frístundaráðs. Skrifstofan sér um eftirlit með skóla- og frístundastarfi, meðal annars með yfirferð skólanámskráa og starfsáætlana starfsstaða og eftirliti með innra mati og umbótaáætlunum. Einnig hefur hún umsjón með stefnumörkun og úthlutun fjármagns vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum og úthlutun fjármagns til stuðnings í frístundastarfi; umsjón með fjölmenningsarmálum og úthlutun fjármagns; úthlutun styrkja, ráðgjöf vegna samstarfs við foreldra og vegna nýbreytni- og þróunarstarfs og skoðun hugbúnaðarlausna í skólustarfi. Fræðsla, símenntun, upplýsingagjöf og ýmiss konar stuðningur vegna stærri verkefna og samstarfsverkefna á starfsstöðum og þátttaka í menningartengdum verkefnum eru einnig á borði fagskrifstofu. Stjórnendur skólahljómsveita heyra undir deildarstjóra listfræðslu sem einnig hefur umsjón með úthlutun fjármagns til listaskóla. Fagskrifstofa hefur umsjón með fjölmörgum starfshópum og þverfaglegum teymum og kemur að undirbúningi að hönnun og smíði skóla- og frístundamannvirkja. Á skrifstofunni er haldið utan um innritun í leikskóla og frístundastarf, leyfi veitt til daggæslu í heimahúsum og eftirlit haft með starfsemi sjálfstætt starfandi skóla og dagforeldra. Á fagskrifstofu er einnig viðamikið samstarf og samskipti við fagaðila, stofnanir, félög og samtök sem tengjast málefnum barna og unglinga innan lands og utan.

Námsflokkar Reykjavíkur sinna fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar. Verkefni NR felast í almennri fullorðinsfræðslu og náms- og starfsráðgjöf sem veitt er á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Sértek samstarfsverkefni NR eru unnin samkvæmt samningum við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fjölbautaskólann við Ármúla og Fjölmennit.

Fjármála- og rekstrarþjónusta sér um gerð fjárhagsáætlunar, eftirlit, uppgjör og frávikagreiningar og eftirfylgni með mánaðaruppgjörum. Hún veitir stjórnendum starfsstaða ráðgjöf og aðstoð vegna áætlanagerða og við innkaup og útboð. Einnig eru á hendi fjármálaþjónustu reikningagerð, innheimta, eftirlit, ráðgjöf og aðstoð vegna húsnæðis og búnaðar starfsstaða og samþykktir reikninga, ásamt umsjón með greiðslum til sjálfstætt starfandi þjónustuaðila.

Mannauðsþjónusta hefur yfirumsjón með mannauðsmálum sviðsins og veitir stjórnendum ráðgjöf í þeim efnum. Helstu verkefni tengjast símenntun, handleiðslu, ráðgjöf og vinnurétti. Deildin hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu og veitir ráðgjöf vegna starfsmannamála og kjarasamninga ásamt eftirliti með framkvæmd þeirra. Mannauðsþjónustan stýrir þróun innri vefs sviðsins, stendur fyrir námskeiðum, kemur að símenntunartilboðum, veitir ráðgjöf og stuðning vegna starfsánægju, öryggis, heilbrigðis og velferðar starfsmanna og hún tekur þátt í margs konar þróunarverkefnum.

Tölfræði- og rannsóknþjónusta sér um rannsókn- og þróunarstarf, upplýsingaöflun, upplýsinga-miðlun, ýmsa skráningu og tölfræðivinnslu. Helstu verkefni tengjast viðhorfskönnunum foreldra í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi, viðhorfskönnunum nemenda og aðstoð við þróunarstarf annarra deilda, starfhópa og starfsstaða, s.s. fyrirspurnir og minni kannanir. Innritun í grunnskóla, eftirlit með skólaskyldu, spár um fjölda barna/nemenda eru gerðar reglulega. Þar eru einnig veitt rannsóknarleyfi, unnin samstarfsverkefni með rannsóknaraðilum utan SFS, unnið úr skimunum í grunnskólum, haldið utan um mælitæki/mælikvarða og þróun nýrra. Ytra mat á skóla- og frístundastarfi og gæðakerfi er hluti af starfseminni.



VERKEFNI

Á skóla- og frístundasviði var ýmsum stærri verkefnum hrundið í framkvæmd á árinu 2012 og ná þau flest til þeirra þriggja meginþjónustupátta sem sviðið starfar fyrir, þ.e. leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs. Þessi verkefni eru flestöll í gangi áfram á árinu 2013 og jafnvel lengur. Verkefnin eru: *Blíð byrjun*, *Biophilia*, *Brú*, *Börn og fjölmennning*, *Dagur barnsins*, eftirfylgd með verkefninu *Drengir og námsárangur*, *Foreldravefur*, *Lestrarhvetjandi verkefni*, *Menningarfáninn*, *Náttúruskóli Reykjavíkur*, *Skólar á grænni grein – Grænfáninn*, *Vinsamlegt samfélag og starfshópur um börn og fjölmenningu*. Sjá nánari upplýsingar um hvert og eitt þeirra í [Starfsáætlun SFS 2012](#).

Nokkrir stórir viðburðir verða á árinu ætlaðir ýmsum hópum sem starfa á sviðinu. Meðal annars er fyrirhugað að halda málþing á vorönn um lífsleiknikennslu, ætlað frístundaráðgjöfum, lífsleiknikennurum, ungmennaráði og háskólasamfélaginu. Málþing um frístundastarf verður haldið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ 1. febrúar, undir yfirskriftinni *Snú snú – stefnumót frístundamiðstöðva og Háskóla Íslands*. Árleg Öskudagsráðstefna verður 13. febrúar fyrir grunnskólakennara undir yfirskriftinni *Betri í dag en í gær*. Þá er áætlað að halda haustþing fyrir leikskólafólki þar sem fjallað verður um fagstarf í leikskólum. Stóri leikskóladagurinn verður haldinn um mánaðarmótin maí/júní, *Höfuð í bleyti* er símenntunardagur í maí, fyrir starfsfólk í frístundastarfi og í *Haustsmiðju kennara* í ágúst eru námskeið fyrir grunnskólakennara.

Helstu viðburðir á vegum SFS 2013	
Febrúar	Málþing um frístundastarf (1. febrúar) Málþing um starfsþróunarsamtöl (4. febrúar) Öskudagsráðstefna (13. febrúar)
Mars	Úthlutun styrkja skóla- og frístundaráðs
Apríl	Afhending barnabókaverðlauna skóla- og frístundaráðs (24. apríl)
Maí	<i>Höfuð í bleyti</i> – símenntunardagur frístundastarfs. Málþing um lífsleiknikennslu Nemenda- og hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs
Júní	Stóri leikskóladagurinn (7. júní) Hvatningarverðlaun leikskóla
Ágúst	Haustsmiðja kennara
Október	Haustþing fyrir leikskólafólki Hvatningarverðlaun frístundamiðstöðva
Nóvember	Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík <i>Skrekkur</i> - Hæfileikakeppni SFS

Áherslupættir vegna úthlutunar þróunar- og samstarfsstyrkja skóla- og frístundaráðs fyrir skólaárið 2013-2014 eru grunnþættir menntunar með áherslu á lýðræði og mannréttindi og upplýsinga- og tæknimennt í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.

Foreldravefur mun líta dagsins ljós í byrjun árs og er honum ætlað að miðla hagnýtum upplýsingum um skóla- og frístundastarf og vera foreldrum til fróðleiks og stuðnings. Unnið verður að rafrænni upplýsingahandbók fyrir foreldra fatlaðra barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Áætlað er að setja upp miðlægan vef með efni sem notað hefur verið í þróunarstarfi nokkurra grunnskóla sem fengið hafa leiðsögn hjá John Morris frá Ardleigh Green Junior School í Bretlandi. Á árinu verður lögð sérstök áhersla á að framfylgja

innleiðingaráætlun *stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum* sem samþykkt var í skóla- og frístundaráði haustið 2012. Á innri vef verður fjölgað verkefnum á vegum *Vinsamlegs samfélags*, sem stuðla að forvörnum gegn einelti. Þar verður einnig vistaður viðmiðunarramma fyrir eineltisáætlanir. Unnið er að læsisstefnu fyrir leikskóla sem líta mun dagsins ljós um mitt ár.


Unnið verður að þarfagreiningu fyrir frístundastarf ungmenna yfir 16 ára aldri í samráði við ÍTR. Starfshópi um heilsueflingu barna á grunnskólaaldri verður falið að móta, í samstarfi við ÍTR, tillögur um hvernig efla megi heilsu barna á grunnskólaaldri. Þá mun starfshópur skoða fyrirkomulag frímínútna og gæslu í frímínútum grunnskóla með það fyrir augum að vinna tillögur um annað form á útivist nemenda eða finna aðra farsæla leið til að auka öryggi, minnka einelti og bæta líðan barna á skólalóðinni. Starfshópur verður stofnaður til að endurskoða félagslega menntastefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2005. Hópurinn taki mið af markmiðum Námsflokka Reykjavíkur. Annar starfhópur mun móta framtíðarstefnu fyrir *Myndver* sem nú þjónar allri starfsemi skóla- og frístundasviðs. Unnið verður að því að skilgreina samstarfsfleti og vinna að samstarfssamningi sviðsins við *Fjölskyldu- og húsdýragarðinn* með það að markmiði að auka fræðsluhlutverk garðsins fyrir börn og ungmenni í borginni. Í upphafi árs mun *Náttúruskólinn* heyra undir sviðið en áður heyrði hann undir umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar sem breyttist í umhverfis- og skipulagssvið í september 2012. Einnig verður sett á laggirnar þjónusta á sviðinu vegna mötuneytismála þar sem unnið verður að faglegum og fjárhagslegum hliðum mötuneyta SFS.

Faghópur um innra og ytra mat á stofnunum sem heyra undir skóla- og frístundasvið mun á árinu 2013 skila tillögum um framkvæmd á innra og ytra mati þar sem hugmyndafræði matsins og áætlanir um umfang, tíma og kostnað verða lagðar fram. Verið er að þróa viðmið um gæði leikskólastarfs og frístundastarfs en tilraunaverkefni um ytra mat í leik- og frístundastarfi verða sett af stað vorið 2013.

Hér hafa einungis nokkur ný verkefni á árinu 2013 verið tilgreind af þeim fjölmörgu sem talin eru upp undir markmiðum í kaflanum *Stefnuþættir, markmið og leiðir* hér á eftir.



STEFNUKORT



STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR

BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN			Sameiginlegar leiðir
			Leikskólaleiðir
			Grunnskólaleiðir
			Frístundaleiðir
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Sterk sjálfsmynd og félagsfærni	Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.	- Samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva um <i>Vinsamlegt samfélag</i>. Þrígga ára verkefni sem lýkur 2014. - Efla samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva um þekkingu og reynslu í lífsleikni, félagsfærni, samskiptum, hópefli og leikjum. - Halda málþing á vorönn um lífsleiknikennslu, ætlað frístundaráðgjöfum, lífsleiknikennurum, ungmennaráði og háskólasamfélaginu. NÝTT - Við endurskoðun á námskrá leikskóla komi fram hvernig unnið er með lífsleikni, virðingu, umhyggju, tillitsemi og samkennd. - Auka hlut hópstarfs í félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum þar sem aðalmarkmiðin snúa að sterkri sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.	
	Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra.	- Starfshópur um <i>börn og fjölmenningu</i> endurskoði stefnu vegna barna og foreldra með annað móðurmál en íslensku í skólum og frístundastarfi. - Starfshópur um líðan stúlkna í grunnskólum skili niðurstöðum og tillögum á árinu. - Vinna að því að jafna aðgengi barna og unglinga að lista- og menningarviðburðum. NÝTT - Endurskoða reglur um úthlutun vegna íslenskukennslu grunnskólanemenda með annað móðurmál en íslensku. - Kynna niðurstöður úr forkönnun málkönnunarprófs fyrir grunnskólanemendur með annað móðurmál en íslensku og halda námskeið fyrir kennara og kennsluráðgjafa um notkun þess. - Skoða hvernig grunnskólar nýta niðurstöður úr <i>Skólaláupsinum</i>, m.a. með tilliti til viðbragðsáætlana fyrir þá sem líður illa. NÝTT - Unnið að tveggja ára tilraunaverkefni í 1. og 2. bekk í Fellaskóla sem hófst haustið 2012, þar sem skóladagur er lengdur úr 30 í 34 kennslustundir á viku, með stóráukinni áherslu á málþroska og læsi, hvetjandi námsumhverfi, félagsfærni og samskipti. NÝTT - Frístundamiðstöðvar leiti leiða til að efla sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglinga sem glíma við félagslega einangrun og hafi frumkvæði að samstarfi fagaðila og félagasamtaka vegna þeirra. - Skoða þátttöku og líðan stráka og stelpna í starfi frístundamiðstöðva. NÝTT - Greina þarfir og móta stefnu vegna frístundastarfs fyrir 10-12 ára börn á vegum frístundamiðstöðva. - Starfshópur móti stefnu um frítímaþjónustu fyrir börn og unglinga með annað móðurmál en íslensku, sem verði hluti af stefnu um börn og fjölmenningu. NÝTT - Unnið verður að þarfagreiningu fyrir frístundastarf ungmenna yfir 16 ára aldri í samráði við ÍTR. NÝTT - Starfshópur fylgi eftir tillögum úr skýrslu um hlutverk og grunnþjónustu félagsmiðstöðva, m.a. um gerð borgarráðssamþykktar fyrir félagsmiðstöðvar. NÝTT	
	Aukið sjálfstæði, frumkvæði, metnaður og ábyrgð.	- Safna hugmyndum sem hafa gefist vel til að auka virkni, ábyrgð og þátttöku barna og unglinga í skóla- og frístundastarfi. NÝTT - Gera könnun, meðal leikskóla, á starfsaðferðum sem stuðla að tækifærum barna til frumkvæðis og sköpunar. NÝTT? - Frístundaráðgjafar og annað starfsfólk í frístundastarfi hvetji börn og unglinga til að koma sér sjálf á milli staða í samstarfi við foreldra og efla þannig sjálfstæði þeirra og ábyrgð í daglegu lífi. - Kannað verði hvernig börn og unglingar hafa nýtt sér frístundaakstur, strætó, annan akstur, hjóla- og gönguleiðir til að koma sér á milli staða sem þau þurfa að sækja yfir daginn. NÝTT	

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Öryggi,
heilbrigði,
vellíðan
og gleði

**Heilbrigður
lífsstíll.**

- Starfsfólki verði boðið upp á fræðslu um leiðir til að vinna gegn staðalímyndum og stuðla að gagnrýnni hugsun.
- Starfshópur um heilsuefingu barna móti í samstarfi við ÍTR, tillögur um hvernig efla megi heilsu barna á grunnskólaaldri. **NÝTT**
- Vinna að þróunarverkefni um aðbúnað og námsumhverfi yngstu barnanna.
- Kynna niðurstöður úr tilraunaverkefni um bættu heilsu og lífsstíl barna og hvetja grunnskóla til að nýta þær.
- Frístundamiðstöð og grunnskóli geri tilraun í einu hverfi í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um tómstundamenntun barna og unglinga.
- Í gátlistum í mati á frístundastarfi verði m.a. horft til hollustu og hreyfingar.

**Öruggt umhverfi
þar sem unnið er
markvisst gegn
áhættuhegðun.**

- Samstarf allra starfsstöðva SFS í forvörnum gegn einelti og annarri áhættuhegðun verði aukið með verkefninu *Vinsamlegt samfélag* og innleiðingu á endurskoðaðri forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Skipa starfshóp sem skoðar leiðir til að gera samstarf SFS og velferðarsviðs vegna barnaverndarmála markvissara.
- Efla forvarnir gegn ofbeldi í samræmi við Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.
- Starfshópur skoði fyrirkomulag frímínútna og gæslu í frímínútum grunnskóla með það fyrir augum að koma með hugmyndir að annars konar útivist til að auka öryggi, minnka einelti og bæta líðan barna á skólalóðinni. **NÝTT**
- Starfshópur meti og geri tillögur um þjónustu frístundamiðstöðvanna á heilsársgrundvelli. **NÝTT**

**Komið er
til móts við
ólík áhugasvið.**

- Stefna að því að auka fjölbreytni listrænna viðburða sem byggja á þátttöku barna og ungmenna. **NÝTT**
- Leita bestu leiða til að efla samstarf leikskóla og skólahljómsveita.
- Í starfsáætlunum frístundamiðstöðva komi fram hvernig starfið kemur til móts við ólík áhugasvið einstaklinga og hópna.



STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Víðtæk þekking, færni og árangur	Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.	- Halda ráðstefnu að hausti um leikinn, sem námsleið í skóla og frístundastarfi í samstarfi við fagfélög og Menntavísindasvið HÍ. - Halda málþing um menningaruppeldi barna og ungmenna í samstarfi við menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar. NÝTT - Setja af stað verkefni um samþættingu útínáms, málræktar og vísinda í leikskólum. - Halda haustþing fyrir leikskólastarfsfólk. NÝTT - Gera gagnabanka á vef með efni sem unnið hefur verið í þróunarstarfi reykvískra grunnskóla undir handleiðslu John Morris skólastjóra í Bretlandi. - Meta reynslu af starfi faghópa um kenningarramma OECD. Á grundvelli þess mats verði tekin ákvörðun um framhaldið. - Starfshópur um innra og ytra mat frístundamiðstöðva geri viðmið um gott frístundastarf. - Hefja vinnu við innra og ytra mat á starfi skólahljómsveita. NÝTT - Boðið verði upp á sameiginlegan fræðslufund tónlistarkennara við skólahljómsveitir og tónlistarskóla um tækni og sköpun í tónlistarkennslu. NÝTT
	Læsi í víðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.	- Verkefnastjórn fylgi eftir niðurstöðum starfshóps um aukið samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila um eflingu málþroska og læsis. - Fjölga lestrarhvetjandi verkefnum með það að markmiði að hvetja til aukins lesturs, sbr. tillögur starfshóps um drengi og námsárangur. - Allir grunnskólar endurskoði lestrarstefnu sína í tengslum við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. NÝTT - Gera tilraun með heimspekinám í leikskólum í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. - Starfshópur vinni að gerð læsisstefnu fyrir leikskóla Reykjavíkur. NÝTT - Í frístundastarfi verði sérstaklega unnið með umhverfis-, fjölmíðla- og fjármálalæsi. Frístundaráðgjafar fái sérstaka fræðslu. - Börn á frístundaheimilum verða hvött til að nýta sér bókasöfn og lesa í frístundum sínum.
	Færni í tölvu- og upplýsingatækni.	- Halda málþing til að kynna frumkvöðlaverkefni í upplýsinga- og samskiptatækni í grunnskólum Reykjavíkur. NÝTT - Halda áfram vinnu við að búa til nokkur rafræn námskeið um tölvuheim barna og unglinga með það að markmiði að auka þekkingu kennara, frístundaráðgjafa og stjórnenda á þessum menningarheimi, í samræmi við tillögur starfshóps um drengi og námsárangur. - Börnum, unglingum og nemendum í fullorðinsfræðslu gefist kostur á að vinna að kvikmyndagerð, heimasíðugerð, hönnun og ljósmyndun í skóla- og frístundastarfi í samstarfi við Myndver. - Meta tilraunaverkefni í tveimur skólum með spjaldtölvur og lesbretti. - Stofna starfshóp sem kanni notkun stafrænnar tækni í tónlistarkennslu barna.
	Tækifæri til að vinna að nýsköpun.	- Hvetja starfsstaði til að taka þátt í nýsköpunarkeppnum t.d. í Lego-keppninni, Stíl, Skrekk og Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Skólar og frístundamiðstöðvar styðji við þátttökuna með leiðbeinendum og aðstöðu. - Vinna áfram að því að fylgja <i>Biophilia</i>-verkefninu úr hlaði með kynningum og útláni á verkfærakistum til skóla. - Hvetja börn og unglinga í tónlistarstarfi SFS til að vinna að nýsköpun í tónlist, m.a. með þátttöku í Barnamenningarhátíð. NÝTT - Vera í samstarfi við þá sem bjóða upp á námskeið fyrir grunnskólakennara um nýsköpun.
	Aukin þekking og færni í raunvísindum.	- Auka samstarf Gufunesbæjar og skóla um útínám og við að efla börn og unglinga í að tengja nám og þekkingu við raunverulegar aðstæður (Lýkur vorið 2013). - Unnið í samstarfi við Menntavísindasviðs HÍ um þróun á kennslu í náttúruvísindum, í samræmi við kenningarramma OECD.

STEFNUÞÁTTUR

Víðtæk
þekking,
færni og
árangur
(frh.)

MARKMIÐ

LEIÐIR

**Aukin þekking
á listum og
menningu
og færni
til sköpunar.**

- Hvetja starfsstaði SFS til þátttöku í menningarsamstarfi sem veitir þeim tækifæri til að sækja um *menningarfánann*. **NÝTT**
- Gera verkáætlun og innleiða stefnu um tónlistarfræðslu byggða á tillögum starfshóps frá 2011.
- Skipa starfshóp til að skoða hvernig bjóða megi upp á fjölbreytt og ódýrt tónlistarnám, samkvæmt tillögum starfshóps um tónlistarfræðslu og frá Reykjavíkurráði ungmenna.
- Kanna hvernig samstarfi við listamenn er háttað í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- Hvetja skólustjóra, tónlistarskólustjóra og skólahljómsveitastjóra til samstarfs um að hljóðfæranám yngstu nemenda grunnskólans verði sem mest innan skólatíma.
- Bjóða börnum og unglingum í frístundastarfi upp á þátttöku í lista- og menningarstarfi, m.a. með því að nýta sérþekkingu starfsfólks á sviði lista.
- Kortleggja möguleika á samstarfi við listamenn og fagkennara í list- og verkgreinum í frístundastarfi barna og unglinga.

**Aukin
umhverfisvitund
og menntun
til sjálfbærni.**

- Fjölga starfsstöðum SFS sem innleiða *græn skref* stofnana Reykjavíkurborgar.
- Hvetja starfsstaði til þátttöku í umhverfisverkefnum, s.s. *Lesið í skóginn*, að taka svæði í fóstur (grenndarsamningar), *Skólar á grænni grein* og til að vinna að því að fá *Grænfánann*.
- Skilgreina samstarfsfleti og vinna að samstarfssamningi sviðsins við *Fjölskyldu- og húsdýragarðinn* með það að markmiði að auka fræðsluhlutverk garðsins fyrir börn og ungmenni í borginni. **NÝTT**
- Leikskólar setji sér umhverfisstefnu sem feli m.a. í sér menntun til sjálfbærni, útinám og vettvangsferðir.
- Frístundamiðstöðvar vinni í auknum mæli að því að börn og unglingar læri að umgangast og virða náttúruna og umhverfið, m.a. með þróunarverkefnum í Gufunesbæ og Árseli.

Samfélagsleg
ábyrgð,
virkni
og víðsýni

**Aukin þekking á
grunnildum
samfélagsins og
mannréttindum.**

- Standa fyrir námskeiði í jafnréttis- og kynjafræðum fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum og unglingum í samstarfi við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar (2 ára verkefni sem hófst haustið 2012).
- Við endurskoðun á námskrám leikskóla verði þess gætt að Barnasáttmálinn verði sýnilegur í námskrám.
- Vinna með Barnasáttmálann og mannréttindamál í frístundastarfi með það að markmiði að börn og unglingar verði meðvitaðri um rétt sinn og skyldur. Þessir þættir skili sér inn í innra og ytra mat á frístundastarfi.

**Samfélagsleg
ábyrgð og
lýðræðisleg
þátttaka.**

- Halda áfram með Comeniusar-verkefni þriggja grunnskóla og tveggja frístundamiðstöðva um lýðræðislegt samstarf.
- Listteymi hvetji starfstöðvar SFS formlega til þátttöku í menningartengdum tilboðum.
- Halda námskeið fyrir kennara um eflingu lýðræðis og samvinnu í skólastofunni.
- Gera könnun á því hvaða leikskólar eru með verkefni tengd auknu lýðræði og jafnrétti í starfsháttum
- Þróa og endurskoða leiðir til að efla barna- og unglingalýðræði í frístundastarfinu.

VERKLAG	Sameiginlegar leiðir	
	Leikskólaleiðir	
	Grunnskólaleiðir	
	Frístundaleiðir	
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Nám og starf án aðgreiningar, við hæfi hvers og eins	Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum.	- Endurskoða með velferðarráðuneyti reglugerð um starfsemi dagforeldra. - Skoða í nokkrum skólum fjölbreytni viðfangsefna og kennsluaðferða í almenntri kennslu sem miða að því að mæta þörfum allra nemenda og hvernig þörfum barna með sérþarfir er mætt sérstaklega í almenntri kennslu. Framfylgja innleiðingaráætlun stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning við nemendur í grunnskólum. NÝTT - Standa fyrir og efla fræðslu fyrir sérkennara og þá kennara sem hafa sérkennslu að meginstarfi um nám og kennslu nemenda með fatlanir og raskanir. - Móta stefnu um frítímaþjónustu fyrir fötluð börn og unglinga. - Greina þjónustubarfir barna og unglinga með alvarleg hegðunarfrávik í frístundastarfi.
	Tryggja jafnræði allra einstaklinga til virkrar þátttöku í daglegu starfi.	- Endurskoða eftirlit með nýtingu fjármagns sem varið er til sérkennslu og íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku. - Kanna þátttöku og virkni fatlaðra unglinga í félagsmiðstöðvastarfi, greina þarfir þeirra og skoða möguleika á starfi á kvöldin. - Kanna möguleika á að veita sambærilegan stuðning við börn og unglinga í félagsmiðstöðvastarfi og á frístundaheimilum. - Skoða þátttöku og virkni barna sem þurfa stuðning í sumarstarfi á vegum frístundamiðstöðva og öðru sumarstarfi í borginni.
	Stuðningur og ráðgjöf tryggi góðar aðstæður til náms og leiks og bestan mögulegan árangur og líðan.	- Auka samvinnu starfsstöðva við þjónustumiðstöðvar, sérdeildir skóla, sérskóla og þekkingarstöðvar frístundamiðstöðva vegna sérfræðiþjónustu og ráðgjafar. Efla skimanir og stuðning á vettvangi. - Stofnaður verði starfshópur til að fara yfir þjónustusamninga við velferðarsvið. - Skoða aðstæður, greiningar, þjónustubörf, stuðning og kennslu leikskólabarna á einhverfurófi í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Menntavísindasvið HÍ. - Meta tilraunaverkefni í tveimur hverfum þar sem hegðunarráðgjafi á vegum þjónustumiðstöðvar fer á milli leikskóla og veitir stuðning og ráðgjöf vegna barna með hegðunarfrávik. - Vinna með sérskólum og sérdeildum að því að móta ráðgjafarhlutverk þeirra. - Stofna fyrsta þátttökubekk Klettaskóla fyrir nemendur með þroskahömlun, við almennan grunnskóla. NÝTT - Stofna annan þátttökubekk Brúarskóla fyrir nemendur með félags- og hegðunarbætur, við almennan grunnskóla. NÝTT - Stofna miðlunartorg þekkingar og reynslu í samræmi við stefnu um skóla án aðgreiningar og sérstakan stuðning í grunnskólum. NÝTT



STEFNUÞÁTTUR

Samstarf
byggt á
lýðræði og
fjölbreytni

MARKMIÐ	LEIÐIR
Öll börn, nemendur og ungmenni séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi.	- Hvetja starfsstöðvar til að efla lýðræðislega þátttöku og fræðslu um lýðræði, samhliða innleiðingu nýrra aðalnámskráa, m.a. með fræðslu fyrir starfsfólk. - Kortleggja leiðir sem börn og unglingar hafa til áhrifa og samráðs, s.s. barnaráð, unglingaráð, ungmennaráð, hverfararáð, skólaráð og aðkomu þeirra að starfsáætlunarvinnu og ákvarðanatöku. Kynna með hugmyndabanka á heimasíðu sviðsins. - Allar starfsstöðvar frístundamiðstöðva starfræki barna- og/eða unglingaráð. Sérstök áhersla verði lögð á miðstigið.
Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.	- Opna, þróa og kynna foreldravef sem ætlað er að miðla hagnýtum upplýsingum um skóla- og frístundastarf. NÝTT - Foreldravefur verði nýttur til að fræða og upplýsa foreldra um forvarnir. - Tölfræði- og rannsóknarþjónusta kanni reglulega hvernig foreldrasamstarfi er háttað á starfsstöðum SFS. - Stuttar, rafrænar skoðanakannanir um skóla- og frístundastarf verði sendar á úrtak foreldra nokkrum sinnum á ári. - Efla hæfni starfsfólks SFS í foreldrasamstarfi, m.a. með símenntun. - Skoða kosti og galla þess að nýta samskiptamiðla í foreldrasamstarfi samhliða gerð leiðbeininga. NÝTT - Kanna leiðir til að foreldrar verði í auknum mæli beinir þátttakendur í frístundastarfi. NÝTT
Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.	- Heildarniðurstöðum um viðhorf og líðan nemenda verði miðlað til frístundamiðstöðva. - Lykiltölur um skóla- og frístundasvið og starfsstaði verði birtar með skilvirkari hætti á heimasíðu sviðsins. - Vinna að rafrænni upplýsingahandbók fyrir foreldra fatlaðra barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. NÝTT - Tillögum starfshóps um heimasíður leikskóla verði fylgt eftir. NÝTT - Frístundaráðgjafar fái skilgreindan aðgang til að nýta Mentor til upplýsingagjafar um frístundastarf til foreldra. - Upplýsingum um fjárframlag Reykjavíkurborgar til tónlistarnáms verði aðgengilegar.
Öflugt samstarf við nærsamfélagið atvinnulífið og háskóla-samfélagið.	- Starfsstaðir SFS taki þátt í hverfasamstarfi í samvinnu við þjónustumiðstöðvar í hverfum. - Efla samstarf sviðsins og Menntavísindasviðs HÍ um þróun og rannsóknir í skóla- og frístundamálum með gerð samstarfssamninga. - Auka samstarf í stefnumótun og áætlanagerð SFS við starfsfólk, foreldra, börn og ungmenni, stjórnmalamenn og vísindasamfélagið. - Áframhaldandi þróun á samstarfi við Tækniskólann og Verkið til að kynna fjölbreyttar námsleiðir á framhaldsskólastigi. - Taka þátt í rannsókn á byrjendalæsi í samstarfi við Háskólann á Akureyri og fleiri aðila.



Flæði á milli skólastiga námsgreina og skóla- og frístunda- starfs

Starfsstaðir þróaðir til að auka samstarf, sveigjanleika, flæði og samfellu í skóla- og frístundastarfi.

- Leita leiða til að efla upplýsingagjöf um málefni einstakra barna/unglinga og hópa milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
- Þverfaglegur starfshópur hvetji til og vinni að tillögum að samstarfsverkefnum sem miði m.a. að því að tengja saman börn og ungmenni í mismunandi starfi og á ýmsum aldri.
- Meta verkefni sem verið hafa í gangi í nokkrum hverfum um samfellt og sveigjanlegt skóla- og frístundastarf.
- Setja af stað starfshóp sem vinnur að þróun skóla- og frístundastarfs í Fossvogsdal með áherslu á skil skólastiga, samþættan vinnudag barna, aukin frístundatilboð og samþættingu starfa. **NÝTT**
- Skilgreina samstarf sviðsins við íþrótt- og æskulýðsfélög.
- Starfshópur um samstarf milli starfsstaða SFS hvetji leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar til aukins samstarfs innan hverfa.-

Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við lok leikskólagöngu.

- Meta og afgreiða tillögur starfshóps sem skoðaði möguleika á aðlögun fyrir börn á sjötta aldursári að skóla- og frístundastarfi að loknu sumarleyfi.
- Hvetja til heimsóknar elstu barna í leikskólum á frístundaheimilin.

Umbætur, mat og nýbreytni

Innleiðing nýrra aðalnámskráa. **NÝTT**

- Halda námskeið um grunnþætti menntunar.
- Halda námskeið fyrir stjórnendur og koma á fót stuðningi við þá í tengslum við innleiðinguna.
- Halda námskeið um námsmat og nýjar áherslur þar.
- Koma á samstarfi við Menntavísindasvið HÍ í tengslum við innleiðinguna.
- Veita fræðslu og stuðning við endurskoðun skólanámskráa í tengslum við áherslur í nýjum aðalnámskrám.
- Halda námskeið vegna greinanámskráa.
- Koma á samstarfi við nágrannasveitarfélög um símenntun kennara.
- Skipuleggja fræðslu um innra mat í leikskólum.

Ytra mat fyrir starfsemi skóla- og frístundasviðs sem nýtt er til umbóta.

- Faghópur móti tillögur um framkvæmd innra og ytra mats í leikskóla- og frístundastarfi og endurskoði framkvæmd heildarmats í grunnskólum og nýti til þess niðurstöður starfshópa.
- Prófa á nokkrum starfsstöðum, tillögur faghóps um ytra og innra mat í leikskóla- og frístundastarfi. **NÝTT**
- Styðja starfsstaði í að koma á innra mati sé það ekki til staðar.
- Hvetja stjórnendur til að auka aðkomu allra starfsmanna að mati og umbótastarfi.
- Vinna að því að samantekt úr Skólavoginni nýtist skólastjórum. **NÝTT**
- Ljúka fyrstu yfirferð í heildarmati á öllum grunnskólum borgarinnar.
- Skoða möguleika á að nýta Skólapulinn við mat og umbætur á félagsmiðstöðvastarfi. **NÝTT**



STEFNUÞÁTTUR

Umbætur,
mat og
nýbreytni
(frh.)

MARKMIÐ

LEIÐIR

Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis- mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni.

- Kortleggja þátttöku starfsstaða í erlendum samstarfsverkefnum og setja á heimasíðu sviðsins.
- Starfshópur um endurskoðun félagslegrar menntastefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2005, verður settur af stað. Hópurinn taki mið af markmiðum Námsflokka Reykjavíkur. **NÝTT**
- Starfshópur móti framtíðarstefnu fyrir *Myndver*. **NÝTT**
- Veita þróunar- og samstarfsstyrki til verkefna tengd lýðræði og mannréttindum og upplýsinga- og tæknimennt. **NÝTT**
- Stofna til samstarfs við *Theatre and Performings Arts* í Edinborg um menningar- og leiklistarstarf með ungum börnum í samstarfi við LHÍ.
- Fara í samstarf við *The Scottish Storytelling Centre* um að efla frásagnarmenningu í leikskólum.
- Starfshópur endurskoði *Starfsskrá skrifstofu tómstundamála*.
- Starfshópur móti stefnu um framtíðarsýn og hlutverk frístundamiðstöðva. **NÝTT**
- Unnið verði að gerð „námskrár“ fyrir frístundaheimili. **NÝTT**

Stuðningur við starfsstaði í breytingaferli.

- Áframhaldandi ráðgjöf og stuðningur við starfsstaði í breytingaferli.
- Nýta faglega ráðgjöf Menntavísindasviðs HÍ við starfsstaði í sameiningaferli.

Tilrauna-, þróunar- og umbótastarf byggja á rannsóknum og árangurinn metinn.

- Meta tilraun um *Dag barnsins*, samþættan skóla- og frístundadag barna í Norðlingaskóla, Klébergsskóla, Ártúnsskóla, Dalskóla og Fellaskóla.
- Auka samstarf við meistara- og doktorsnema um rannsóknir á skóla- og frístundastarfi, m.a. með því að koma á framfæri hugmyndum um viðfangsefni.
- Fá yfirlit um lokaverkefni háskólanema, sem unnin eru á sviði skóla- og frístundamála og kynna árlega á vef SFS.

Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni.

- Safna saman og staðfæra ýmis matstæki sem nýtast til að fá fram skoðanir yngri barna á skóla- og frístundastarfi.
- Kortleggja aðferðir sem notaðar eru til þess að skima fyrir félagslegri óvirkni og vanlíðan.
- Auka þátttöku kennsluráðgjafa í þróunar- og forvarnarverkefnum í grunnskólum.
- Leitað verði leiða til að meta árangur frístundastarfsins á félagsfærni ungmenna.

Ábyrg skjalastjórnun og stjórnsýsla, virkt gæðakerfi og innra mat.

- Starfshópur um bættu stjórnsýslu geri verklagsreglur um embættisafgreiðslur, skýra ábyrgð milli stjórnenda, umsagnir o.fl.
- Unnið verður að endurskoðun samþykktar um skóla- og frístundaráð. **NÝTT**
- Innleiða verklag starfshópa og vinna að betri yfirsýn yfir störf og afrakstur þeirra. **NÝTT**
- Innleiða verklag um gerð og endurnýjun samninga. **NÝTT**
- Innleiða verklag um gerð og endurnýjun reglna. **NÝTT**
- Gera reglur um auglýsingar í skóla- og frístundastarfi. **NÝTT**
- Móta verklag um netfangahópa. **NÝTT**
- Fylgja eftir verklagi um móttöku og svörun innkominna erinda. **NÝTT**
- Uppfæra gæðakerfi og samræma gæðahandbækur vegna sameiningar sviða.
- Innleiða gæðakerfi samkvæmt evrópskum stöðlum í framhaldsfræðslu EQM hjá Námsflokum Reykjavíkur. **NÝTT**
- Unnið verður að uppsetningu nemendaskrár Námsflokka Reykjavíkur. **NÝTT**
- Endurskoða og samræma slysaskráningar í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. **NÝTT**
- Innleiða skjalavistunaráætlun fyrir leikskóla.
- Áframhaldandi þróun og innleiðing á faghluta Völu.
- Skrá leikskólabókasöfn í Gegni.
- Undirbúa skjalavistunaráætlun fyrir starfsemi frístundar sem innleidd verður 2014.

Mannauður		Sameiginlegar leiðir
		Leikskólaleiðir
		Grunnskólaleiðir
		Frístundaleiðir
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Fagleg forysta	Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr.	- Stefna, hlutverk og markmið starfsstaða og skrifstofu SFS verði gerð sýnileg með markvissum hætti. - Byggja upp starfsmannastefnu SFS á forsendum starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. - Móta aðferðir við handleiðslu við stjórnendur. - Útbúa kynningu í hlaðvarpi um starfsemi, stefnu og markmið SFS. - Þróa gæðaviðmið um stjórnun.
	Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.	- Endurskoða verklag og eftirfylgd í tengslum við viðhorfskannarnir meðal starfsmanna. NÝTT - Þróa verklag við mannauðshluta heildarmats. NÝTT
	Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.	- Nýta innri vef SFS til að byggja upp sameiginlega menningu og vinna markvisst að kynningu á vefnum. - Efla upplýsingamiðlun frá skrifstofu SFS í gegnum innri og ytri vef og með öðrum leiðum. - Halda námskeið fyrir stjórnendur um gildi þess að vera jákvæður leiðtogi. NÝTT
Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi	Samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika.	- Símat á áhrifum sameininga á starfsmannamál. - Auka mannauðsráðgjöf við eftirfylgni heildarmats.
	Allir starfsmenn fara í starfsþróunarsamtal og það markvisst nýtt.	Halda málþing fyrir stjórnendur um framkvæmd og þróun starfsþróunarsamtala.
	Jafnræðis er gætt í launum og kjörum starfsmanna í sambærilegum störfum.	Fylgja eftir tillögum starfshóps um að jafnræðis sé gætt í útdeilingu hlunninda og símenntunar til starfsmanna.
	Ráðningaferli byggist á faglegum forsendum mannauðsstjórnunar.	- Endurskoða starfslýsingar og gefa út. - Kynna og þróa leiðir við móttöku nýrra starfsmanna. - Starfshópur skoði samfellu í ráðningum frístundamiðstöðva á ársgrundvelli. NÝTT
	Heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi.	- Fylgja eftir öryggisáætlunum Reykjavíkurborgar. - Marka stefnu til að draga úr fjarvistum vegna veikinda. - Stofna starfshóp til að greina niðurstöður könnunar um álag. NÝTT

STEFNUÞÁTTUR

Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs

MARKMIÐ

LEIÐIR

Allir starfsmenn taki þátt í símenntun við hæfi.

- Móta símenntunarstefnu sviðsins og kynna fyrir stjórnendum og starfsmönnum.
- Meta fræðsluþörf með markvissum hætti sem námskeiðstilboð byggja á og kynna þau fyrir stjórnendum og starfsmönnum.
- Öllum starfsmönnum SFS standi til boða símenntun og fái svigrúm til að þeir geti sótt sér hana.
- Vera í samstarfi við menntastofnanir um fjármálakennslu í grunnnámi og símenntun fyrir stjórnendur.

Starfsmenn geta beitt matsaðferðum og nýtt sér leiðir til umbóta.

- Allar starfsstöðvar SFS verði í samstarfi við fagskrifstofur um framkvæmd innra mats.

Störf innan skóla- og frístundasviðs eru vel kynnt fyrir fólki sem er að velja sér náms- og starfsvettvang.

- Stofna starfshóp til þess að kynna þau störf sem eru í boði á sviðinu.
- Stofna starfshóp með fulltrúum stétta sem starfa með börnum og hann leiti leiða til að stuðla að jákvæðum viðhorfum til starfa með börnum og ungmennum.

Lærdóms- samfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi

Markvisst samstarf og virkt þekkingarflæði er innan og á milli starfsstaða.

- Starfsfólk starfsstaða SFS skiptist á þekkingu og reynslu, t.d. með sameiginlegum starfs- og fræðsludögum í hverfinu
- Skapa vettvang fyrir stjórnendur og starfsmenn til að miðla þekkingu og reynslu þvert á starfsstaði.
- Kynna starfsfólki grundvallar hugmyndafræði leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs til að auka gagnkvæman skilning, s.s. á starfsmanna- og stjórnendafundum.
- Stuðlað að þekkingarheimsóknum starfsfólks á milli starfsstaða.



Auðlindir	Sameiginlegar leiðir		
	Leikskólaleiðir		
	Grunnskólaleiðir		
	Frístundaleiðir		
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Hagkvæm nýting fjármagns	Útgjöld allra stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.	- Allir stjórnendur, skólastjórar leik- og grunnskóla, forstöðumenn frístundamiðstöðva, stjórnendur skólahljómsveita og framkvæmdastjórn SFS fái fjárhagsáætlun, sundurliðaða niður á mánuði, senda rafrænt. - Auka eftirfylgni með mánaðaruppgjörum, t.d. með mánaðarlegum uppgjörsfundum, mánaðarlegum frávikagreiningum eða öðrum leiðum og móta verkferil um viðbrögð við umframkeyrslu starfsstaða. - Halda námskeið fyrir stjórnendur í forsendum fjárhagsáætlunar, frávikagreiningu og Agresso.	
	Stöðug rýning tækifæra til endurskipulagningar.	Þjónusta vegna mötuneytismála verður sett á laggirnar á skrifstofu SFS þar sem unnið verður að faglegum og fjárhagslegum þáttum mötuneyta SFS. NÝTT	
	Bæta fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf.	- Þróa tölvukerfi og breyta verklagi við greiðslur til sjálfstætt starfandi grunnskóla, tónlistarskóla og frístundastarfs. - Greina hvort hægt sé að samræma tölvukerfi sem notuð eru við reikningagerð og innheimtu á þjónustu sem heyrir undir sviðið. - Innleiða aðferðafræði <i>Viðskiptagreindar (Business Intelligence)</i>. Samvinnuverkefni með fjármálaskrifstofu og öðrum sviðum borgarinnar. NÝTT - Skilgreina þarfir SFS um samspil mannauðskerfis og Agresso í samstarfi við mannauðsskrifstofu og fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. - Innleiða reglur fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um samþykkt reikninga. - Taka upp tilfallandi eftirlit með greiðslum til dagforeldra á grundvelli samþykkttra reglna. - Yfirfara vinnulag um meðhöndlun peninga í frístundamiðstöðvum.	
	Samræma úthlutunarreglur.	- Aðalaga verklag varðandi millifærslur og flutning fjárheimilda til samræmis við breyttar reglur úr endurúthlutunarpottum, s.s. vegna sérkennslu, langtímaveikinda o.fl. - Gera úthlutunarreglur fjárheimilda starfsstaða skýrar, skriflegar og aðgengilegar á innri vef. - Gera samanburð á úthlutunarreglum til starfsstaða skóla- og frístundasviðs og til sambærilegra starfsstaða í öðrum sveitarfélögum.	
	Raunkostnaður við þjónustuþætti verði aðgengilegur.	- Útbúa staðlaðar skýrslur með fjárhagsáætlun og ársuppgjöri sem setja má á heimasíður starfsstaða. - Reikna áætlaðan raunkostnað á barn í grunnskólum og frístundastarfi á sambærilegan hátt og gert er í leikskólum. - Birta upplýsingar um raunkostnað við leikskólaláss á greiðsluseðlum.	

STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Skilvirk upplýsinga- tækni	Virk stefna í upplýsinga- og samskiptatækni.	• Þróa verklag um meðferð fyrirspurna frá foreldrum vegna innheimtu og reikningagerðar. • Vinna úr niðurstöðum starfshóps um upplýsingatækni í Reykjavíkurborgar. • Frír hugbúnaður verði nýttur enn frekar og þannig sparað í hugbúnaðarkostnaði. • Gera leiðbeiningar um notkun samskiptamiðla í tengslum við starfsemi. NÝTT • Áframhaldandi þróun og innleiðing á Völu. • Hefja innleiðingu á Völu hjá dagforeldrum.
Góður aðbúnaður	Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi.	• Hefja undirbúning vegna áhættumats á ástandi dýrari búnaðar starfsstaða, s.s. ljósritunarvéla og tækja í mötuneytum. • Gera úttekt á starfsaðstæðum í leikskólum með áherslu á hljóðvist. • Eftirfylgd með tillögum úr húsnæðisskýrslu frístundamiðstöðvanna. • Starfshópur geri úttekt á tækjabúnaði frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila. • Starfshópur geri úttekt á húsnæði, tækjum og búnaði skólahljómsveita og geri tillögur til úrbóta. NÝTT
	Aukin samnýting á húsnæði og búnaði.	• Kortleggja staðsetningu útikennslustofa í Reykjavík, kynna þær fyrir starfsstöðvum og hvetja til notkunar þeirra.



Sameiginlegt öllum
Grunnskólar
Leik- og grunnskólar
Leikskólar
Frístundamiðstöðvar

SKORKORT

Barnið, nemandinn, ungmennið

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2011	Raun 2012	Markmið 2013
Sterk sjálfsmynd og samskiptafærni	Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem sjálfsmynd nemenda mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólapúlsinum	58%	60%	65%
	Hlutfall skóla sem nýta sér viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni	53%	62%	70%
	Hlutfall foreldra leikskólabarna sem telja markvisst unnið með félagsfærni í barnahópnum	88%	90%	92%
	Hlutfall foreldra sem telja dvöl á frístundaheimili hafa jákvæð áhrif á félagsfærni barns síns	92%	89%	92%
	Hlutfall foreldra sem telja félagsmiðstöðvastarf hafa jákvæð áhrif á félagsfærni barns síns	Nýr	90%	92%
